

R19120043

BORGARRÁÐ 5. desember 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um flutning biðstöðvar Strætó bs. frá Hagatorgi til Birkimels - R19120043

BORGARRÁÐ 5. desember 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um flutning biðstöðvar Strætó bs. frá Hagatorgi til Birkimels - R19120043

Flokkur fólksins leggur til að sú stoppistöð sem nú er á Hagatorgi verði færð yfir á Birkimel og þar með utan við hringtorgið. Hagatorg er torg, stórt torg og þar aka bílar í hring, hringinn í kringum torgið. Hagatorg og svæðið í kringum það hefur ávallt verið öruggt svæði. Í það minnsta eru ekki sögur um slys þar undanfarin ár. Með því fyrirkomulagi sem nú er þ.e. að stoppistöð strætó sé nú komin á þann stað sem hún er, hefur hins vegar skapast slyshætta. Að þrengja torgið í eina akrein, banna akstur að utanverðu, setja strætóstöðina alveg við innri hringinn og láta strætó stoppa í akstursleiðinni á vinstri akrein skapar hættu og auka tafir vegfarenda. Rétt er að stoppistöð hefur verið þarna til margra ára en ekki nákvæmlega þarna. Þá var hægt að aka fram hjá strætó sem stoppaði án þess að hefta annan akstur. Flokkur fólksins leggur til að strætóstoppistöðin verði færð yfir á Birkimel þar sem betur fer um hana og þar sem skapast hvorki slyshætta né tafir þegar vagninn stoppar við stöðina til að hleypa fólki í og úr vagninum.